



# Akurey

## Reykjavíkurborg

Stjórnunar- og verndaráætlun 2019-2028

Desember 2019

# Efnisyfirlit

<b>ADGERÐAÁÆTLUN 2019 – 2024</b> .....	<b>5</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
1.1. Samráð .....	6
1.2. Eignarhald og umsjón .....	6
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi .....	7
1.4. Verndargildi og verndarflokkur .....	7
<b>2. LÝSING Á SVÆÐINU</b> .....	<b>8</b>
2.1. Mörk svæðisins.....	8
2.1.1. Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði.....	8
2.2. Náttúruminjar .....	8
2.2.1. Dýralíf, gróður og vistgerðir .....	8
2.3. Menningarminjar .....	9
2.4. Landnotkun .....	9
2.4.1. Veiðar .....	9
2.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun .....	9
2.4.3. Ferðapjónusta og útivist.....	9
2.5. Helstu ógnir.....	10
2.6. Innviðir, fræðsla og úrgangur .....	10
2.7. Öryggismál .....	10
2.8. Mönnuð og ómönnuð loftför .....	10
2.9. Rannsóknir og vöktun .....	10
<b>3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR</b> .....	<b>11</b>
3.1. Mat á umhverfi og náttúru svæðisins.....	11
3.2. Náttúruminjar .....	11
3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf.....	12
3.3. Menningarminjar .....	12
3.4. Landnotkun .....	12
3.4.1. Landbúnaður og veiðar .....	12
3.4.2. Kvikmyndataka, ljósmyndun og ferðapjónusta.....	12
3.5. Helstu ógnir.....	13
3.6. Innviðir.....	13
3.6.1. Landvarsla .....	13
3.6.2. Skilti og fræðsla .....	13
3.6.3. Úrgangur .....	14
3.7. Öryggismál .....	14
3.8. Mönnuð og ómönnuð loftför .....	14
3.9. Rannsóknir og vöktun .....	14

<b>VIÐAUKI I .....</b>	<b>17</b>
<b>VIÐAUKI II.....</b>	<b>20</b>
<b>VIÐAUKI III.....</b>	<b>22</b>

Ljósmyndir: Edda Kristín Eiríksdóttir.

# Leiðarljós

---

Leiðarljós fyrir stjórnunar- og verndaráætlun Akureyjar er að vernda alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni innan Reykjavíkurborgar.

---

# Aðgerðaáætlun 2019 – 2024

Kafla þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum fyrir Akurey. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt sanni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða í samstarfi við Reykjavíkurborg.

## Árlega eða reglulega

- ✓ Árlegar eftirlitsferðir í Akurey.
- ✓ Upplýsingar um Akurey á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir því sem þörf er á.
- ✓ Niðurstöður rannsókna og vöktunar verði aðgengilegar á svæði friðlandsins á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

## 2019

- ✓ Upplýsingar um Akurey settar inn á svæði friðlandsins á heimasíðu Umhverfisstofnunar og hjá Reykjavíkurborg.

## 2020

- ✓ Umsjónarsamningur gerður á milli Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar.
- ✓ Sótt verði um fjármagn til uppsetningar á fræðslu- og upplýsingaskilti fyrir Akurey.
- ✓ Landvörður Umhverfisstofnunar á höfuðborgarsvæðinu hefji eftirlit með Akurey.
- ✓ Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun skipuleggi hreinsun strandarinnar.
- ✓ Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg vinni saman áætlun um hvernig hefta skuli útbreiðslu ætíhvannar.

## 2021

- ✓ Farið í skipulegar aðgerðir til að hefta útbreiðslu ætíhvannar.
- ✓ Óskað verði eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að gerð verði rannsókn á áhrifum siglinga á dýralíf í friðlandinu Akurey.

## 2022

- ✓ Öryggisáætlun friðlýstra svæða verði staðfærð fyrir friðlandið.

## 2023

- ✓ Aðgerðaáætlun Akureyjar endurskoðuð.

# 1. Inngangur

Akurey er lág og vel gróin eyja í Kollafirði, um 6,5 hektarar af grónu landi, og er staðsett norðaustan við Seltjarnarnes, yst eyja í Kollafirði. Í Akurey verpa ýmsir sjófuglar eins og lundi, sílamáfur, æður, fýll og teista, og er lundi langalgengastur. Akurey flokkast sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Búseta manna hefur aldrei verið í Akurey svo kunnugt sé.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Akurey hófst í mars 2019. Er áætlunin unnin af samstarfshópi sem var skipaður vegna gerðar hennar skv. 81. gr. laga um [náttúruvernd nr. 60/2013](#). Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Hún er unnin í samstarfi við Reykjavíkurborg og er hugsuð sem stjórnæki til stefnumótunar fyrir friðlandið.

Nokkrar breytingar urðu á samstarfshópnum meðan á vinnunni stóð en eftirfarandi aðilar komu að vinnunni á einhverjum tíma:

- Snorri Sigurðsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar
- Þórólfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- René Biasone, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Silja Sif Lóudóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar

Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2028 og er skipt í þrjú kafla. Í fyrstu tveimur köflunum eru bakgrunnsupplýsingar um Akurey en í þriðja kafla er sett fram stefnumótun og markmið fyrir svæðið. Hluti af stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

Upplýsingar um friðlandið Akurey má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

## 1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Í upphafi kynningarferlis var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Listi yfir samráðsaðila er í [viðauka III](#).

## 1.2. Eignarhald og umsjón

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt 85. gr. laganna getur stofnunin falið öðrum umsjón og rekstur svæðanna og skal þá gerður sérstakur samningur þar um sem ráðherra staðfestir eftir að stjórnunar- og verndaráætlun hefur verið samþykkt. Í 4. gr. auglýsingar um

friðlandið Akurey er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri umsjónarsamning við Reykjavíkurborg sem er eigandi Akureyjar. [Sjá viðauka I](#). Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.

### 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Akurey var friðlýst vorið 2019 sem friðland skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 470/2019, sjá auglýsingu um friðlýsingu í [viðauka I](#). Hún er fyrsta friðland innan borgarmarka Reykjavíkur. Önnur friðlýst svæði innan borgarmarkanna eru náttúruvættin Fossvogsbakkar, Háubakkar og Laugarás og fólkvangur í Rauðhólum.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn) sem fullgiltur var árið 1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Ríósamningurinn), fullgiltur 1995, og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningurinn), fullgiltur 1978.

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs í samræmi við [lög um menningarminjar nr. 80/2012](#).

Reykjavíkurborg fer með skipulagsvald á svæðinu.

### 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi Akureyjar felst fyrst og fremst í fuglalífi eyjarinnar. Hún er friðlýst sem friðland með það að markmiði að vernda líffræðilegra fjölbreytni með því að vernda alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Akurey er á IBA-skrá (Important Bird and Biodiversity Areas). Í eyinni er varpsvæði lunda og er markmiðið að vernda búsvæði hans sem og búsvæði teistu, æðarfugls og skarfa. Einnig er markmiðið að vernda lífríki í fjöru og á grunnsævi sem og hafsbotninn. Friðlýsingin byggir á 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013<sup>1</sup> þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Þar segir m.a. að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Stefnt skuli að því að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra, þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna IUCN fellur Akurey í flokk IV Habitat/Species Management Area<sup>2</sup>.

---

<sup>1</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

<sup>2</sup> <https://www.iucn.org/theme/protected-areas/about/protected-area-categories>

## 2. Lýsing á svæðinu

### 2.1. Mörk svæðisins

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti í [viðauka II](#) og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi. Friðlýsingin nær til eyjarinnar og hafsvæðis umhverfis hana, hafsbots, lífríkis og vatnsbols. Eyjan sjálf er um 6,5 ha að stærð en friðlandið í heild er 207 ha að stærð.

#### 2.1.1. Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði

Aðkoma að Akurey er eðli málsins samkvæmt frá sjó. Tengsl hennar við áhrifasvæði miðast við þann ferðamáta. Áður en eyjan var friðlýst var hún viðkomustaður kajakræðara. Hvala- og fuglaskoðunarfyrtæki hafa siglt að eyinni. Samkvæmt ákvæðum í friðlýsingunni er óheimilt að fara í land í Akurey nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar. Ákvæðið á ekki við um umsjónaraðila eyjarinnar. Sjá kafla [3.6.2](#).

### 2.2. Náttúruminjar

Akurey er lágland og grösug eyja. Á milli hennar og Örfiriseyjar er Grandahólmi en sundið milli hólmanes og Akureyjar heitir Hólmasund og er aðeins 0,8 metrar á dýpt við háfjöru.<sup>3</sup>

#### 2.2.1. Dýralíf, gróður og vistgerðir

Lundi er algengasta fuglategundin í Akurey og telur um 15 þúsund pör. Lundi er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 2018 sem tegund í bráðri hættu og er Akurey flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð þar sem viðmiðið er tíu þúsund pör. Teista er skráð á lista yfir tegundir í hættu og æður á lista yfir tegundir í nokkurri hættu. Óbirt gögn benda til að Akurey sé einnig mikilvægur náttstaður fyrir skarfa að vetri til og er áætlað að um 400 fuglar nýti sér hann. Talið er að um 60-100 pör af æðarfugli verpi í Akurey en æðurin dreifir sér um nær alla eyna og verpir lundinn innan um hana. Sílamáfur verpir í eyinni og fýll úti á brúnum eyjarinnar. Samkvæmt upplýsingum fuglafræðings ræna máfar fæðu af lundanum en hafa látið ungana eiga sig. Landdýr eru ekki í eyinni.<sup>4</sup>

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er vistgerð Akureyjar sjávarkletta- og eyjavist sem finnst í öllum landshlutum þar sem sjófuglabyggðir eru í strandbjörgum, eyjum og hólum. Verndargildi vistgerðarinnar er hátt og er hún á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.<sup>5</sup> Talsvert er af ætíhvönn í eyinni og skyggir hún á gras og eyðir gróðri undan henni. Með því drepast rætur sem halda jarðveginum saman og hætta er á jarðvegseyðingu.<sup>6</sup> Það hefur neikvæð áhrif á búsvæði fugla, einkum varpholur

<sup>3</sup> [https://is.wikipedia.org/wiki/Akurey\\_\(Kollafir%C3%B0i\)](https://is.wikipedia.org/wiki/Akurey_(Kollafir%C3%B0i))

<sup>4</sup> Erpur Snær Hansen, munnleg heimild 19.10.18.

<sup>5</sup> <https://www.ni.is/greinar/sjavarkletta-og-eyjavist>

<sup>6</sup> Erpur Snær Hansen, munnleg heimild 19.10.18.



lunda. Heimilt er að grípa til aðgerða til að bregðast við ágengum tegundum innan friðlandsmarkanna sbr. 10 gr. auglýsingar nr. 470/2019, [sjá viðauka I](#).

## 2.3. Menningarminjar

Aldrei hefur verið búið í Akurey svo kunnugt sé. Árið 1379 átti Víkurkirkja þar akurland. Eyjan tilheyrði lengi bænum Nesi við Seltjörn og fram til 1978 taldist hún innan lögsagnarumdæmis Seltjarnarneshrepps. Út frá eyinni voru áður fyrr grásleppumið þeirra sem bjuggu á norðanverðu Seltjarnarnesi og var sjómerki á Akureyjarrífi sett upp árið 1854, sennilega það fyrsta í nágrenni Reykjavíkur<sup>7</sup>. Minjastofnun Íslands hefur umsjón með menningarminjum sbr. lög um menningarminjar. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram í Akurey.

## 2.4. Landnotkun

Akurey hefur verið nýtt til dúntekju og lundaveiði. Heimildir benda til að kornrækt hafi verið stunduð í eyinni fyrr á tímum.<sup>8</sup>

Ekki er heimilt að fara í land í eyinni án leyfis frá Umhverfisstofnun. Undanskilinn er umsjónarmaður eyjarinnar og sá aðili sem samið hefur um nýtingu hlunninda líkt og kveðið verður á um í samningi milli viðkomandi og Reykjavíkurborgar. Náttúrustofa Suðurlands hefur jafnframt fengið leyfi til að fara í eyrna tvisvar á sumri næstu tíu árin til að stunda rannsóknir á lunda, sbr. [kafla 2.9](#).

### 2.4.1. Veiðar

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins að undanskilinni notkun vegna minkaveiða. Veiðar á fuglum eru óheimilar innan friðlandsins.

### 2.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Samkvæmt auglýsingu um Akurey þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna ljósmynda- og kvikmyndatöku í friðlandinu.

### 2.4.3. Ferðaþjónusta og útivist

Einstaklingar og fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem bjóða upp á hvala- og fuglaskoðunarferðir, sigla í nágrenni Akureyjar en eins og að framan greinir, sjá [kafla 2.1.1.](#), er almennt öll landtaka frá sjó óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar sbr. 6. gr. auglýsingar um friðlandið, sjá viðauka I. Hámarkshraði vélknúinna farartækja á sjó innan friðlandsins eru 4 sjómíllur en umferð vatnatakja s.s. sjókatta og seglbretta er óheimil þar sem slíkt getur haft truflandi áhrif á fuglalíf friðlandsins. Siglingar smábáta, svo sem vegna útsýnisferða, eru heimilar allt árið um kring að teknu tilliti til [2. mgr. auglýsingar](#) um friðlandið. Að öðru leyti eru hefðbundnar siglingaleiðir leyfðar.

---

<sup>7</sup> Þorsteinn Jósefsson o.fl. (1982)

<sup>8</sup> Garðar Guðmundsson o.fl. (2004)

## 2.5. Helstu ógnir

Hætta er á jarðvegseyðingu vegna ætihvannar. Umgengni manna og bátar sem fara of nálægt eygni fæla upp fugla.<sup>9</sup>

## 2.6. Innviðir, fræðsla og úrgangur

Akurey var friðlýst vorið 2019 og hefur engin landvarsla verið með eygni hingað til. Í friðlandinu eru engir innviðir.

Mikið er af plasti og rusli í fjörunni.<sup>10</sup>

## 2.7. Öryggismál

Helsta hættan sem steðjar að gestum er að þeir stigi niður um holan jarðveg. Ekki er til öryggisáætlun fyrir svæðið.

## 2.8. Mönnuð og ómönnuð loftför

Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið er notkun ómannaðra loftfara vegna almannahagsmuna, björgunar- eða lögregluaðgerða.

## 2.9. Rannsóknir og vöktun

Náttúrustofa Suðurlands hefur vaktað lundastofn Íslands um árabíl og hefur Akurey verið hluti af þeirri vöktun frá árinu 2010. Eftir friðun eyjarinnar vorið 2019 fékk Náttúrustofan leyfi til að stunda vöktun á lunda í Akurey næstu tíu árin. Farið verður í eyna tvisvar yfir sumarið, í byrjun júní og í lok júlí. Verða 50-100 varpholur heimsóttar og innihald þeirra skoðað með videomyndavélum með IR lýsingu sem lundinn sér ekki. Í vöktuninni eru ábúð og viðkoma mæld auk þess sem sýni á skít verða tekin. Slöngubátur verður notaður til að komast að eygni. Verkefnið er talið hafa tiltekin tímabundin áhrif á lundavarpíð en vera jafnframt mikilvægur þáttur í því að meta stöðu lundastofnins og vakta breytingar á milli ára, bæði í Akurey sem og fyrir landið í heild. Aðferðirnar sem beitt verður hafa verið notaðar um árabíl víðsvegar um landið við sambærilega vöktun.

Leita skal leyfis Minjastofnunar Íslands ef rannsóknir eða framkvæmdir fela í sér jarðrask.

---

<sup>9</sup> Erpur Snær Hansen, munnleg heimild 19.10.18.

<sup>10</sup> Erpur Snær Hansen, munnleg heimild 19.10.18.



## 3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda lífríki Akureyjar, líffræðilega fjölbreytni og búsvæði sjófugla og viðhalda þannig verndargildi svæðisins. Í kaflanum verða markmið skilgreind og greint frá því til hvaða aðgerða beri að grípa til að ná settum markmiðum.

### 3.1. Mat á umhverfi og náttúru svæðisins

Reykjavíkurborg, fer með daglega umsjón svæðisins í samræmi við samning þar um, sbr. [kafla 3.6.1](#) Stefnt er að því að landvörður Umhverfisstofnunar á höfuðborgarsvæðinu fari árlega í eftirlit í Akurey. Umhverfisstofnun grípur til viðeigandi ráðstafana ef tilefni er til með hliðsjón af niðurstöðum vöktunar, rannsókna og upplýsingum umsjónaraðila.

Aðgerðir:

- ✓ Árlegar eftirlitsferðir í Akurey.

### 3.2. Náttúruminjar

Mikilvægt er að vernda vistkerfi Akureyjar til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu.

### 3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf

Óheimilt er að raska jarðminjum.

Fylgjast skal með ástandi eyjarinnar árlega og leggja til viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir sbr. aðgerð í [kafla 3.1](#). Stefnt skal að því að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu. Hefta skal útbreiðslu ágengra tegunda sé talið að þær ógni öðru lífríki og vistkerfinu. Vinna skal að því að hefta útbreiðslu ætíhvannar sbr. aðgerðir í [kafla 3.5](#).

Standa skal vörð um fuglalíf Akureyjar en í því felst verndargildi hennar. Til verndar fuglalífi skal ekki vera með hávaða að óþörfu í grennd við eyna.

### 3.3. Menningarminjar

Óheimilt er að raska menningarminjum nema með leyfi Minjastofnunar Íslands og ávallt skal leita umsagnar stofnunarinnar ef jarðrask er fyrirhugað. Minjastofnun Íslands annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Benda má á að þekking á sögunni eykur á fræðslugildi og heildarvirði svæðisins.

### 3.4. Landnotkun

Landnotkun innan friðlandsins skal vera í samræmi við friðlýsingarskilmála, stjórnunar- og verndaráætlun og aðalskipulag Reykjavíkurborgar.

#### 3.4.1. Landbúnaður og veiðar

Dúntekja æðarfugls og nýting sílamáfs er heimil í Akurey samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við leigutaka og skal vera í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum [nr. 64/1994](#). Ákvæði samningsins verði í samræmi við friðlýsingarskilmála og að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Í samningnum verði m.a. fjallað um leigutíma, nytjar, skyldur leigutaka og leigusala. Veiðar á fuglum innan friðlandsins eru óheimilar svo og öll meðferð skotvopna að undanskilinni notkun til minkaveiða. Bannað er að hafa eyna að skotmarki, sjá 13. gr. auglýsingar í [viðauka I](#).

#### 3.4.2. Kvikmyndataka, ljósmyndun og ferðaþjónusta

Til að markmið friðlýsingar Akureyjar nái fram að ganga er stefnt að því að umferð um Akurey verði sem minnst. Kvikmyndagerð og ljósmyndataka sem truflað getur dýralíf í eyinni sjálfri er háð leyfi Umhverfisstofnunar og skal sækja um leyfi á heimasíðu hennar. Í 6. gr. auglýsingar um friðlandið er fjallað um umferð um svæðið og skýrt kveðið á um að landtaka frá sjó er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Lagt er til að unnið verði rannsóknarverkefni um áhrif siglinga ferðaþjónustufyrirtækja á dýralíf í Akurey.

Aðgerðir:

- ✓ Óskað verði eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að gerð verði rannsókn á áhrifum siglinga á dýralíf í friðlandinu Akurey.

### 3.5. Helstu ógnir

Óheft útbreiðsla ætíhvannar getur valdið gróður- og jarðvegseyðingu á svæðinu. Til að vernda búsvæði fugla, ekki hvað síst lunda, þarf að koma í veg fyrir að ætíhvönn veiki jarðveg búsvæðisins. Varðandi aðgerðir sem kunna að raska menningarminjum skal hafa samband við Minjastofnun Íslands

Umferð manna og báta fælir fugla en tekið er á þeirri ógn í 6. gr. auglýsingar um friðlandið þar sem fjallað er um umferð á svæðinu.

Bent hefur verið á að máfar í eygni ógni hugsanlega afkomu annarra fuglategunda og er leigutaka heimilt að nýta sílamáf sbr. [kafli 3.4.1.](#) Skotveiðar eru bannaðar í friðlandinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg vinni saman áætlun um hvernig hefta skuli útbreiðslu ætíhvannar.
- ✓ Farið verði í skipulegar aðgerðir til að hefta útbreiðslu ætíhvannar.

### 3.6. Innviðir

Þeir innviðir sem gert er ráð fyrir vegna friðlandsins í Akurey eru eftirlit eða landvarsla og fræðsluskilti sem staðsett yrði uppi á landi.

#### 3.6.1. Landvarsla

Reykjavíkurborg mun hafa umsjón með eygni í samræmi við samning þar um.

Aðgerðir:

- ✓ Umsjónarsamningur gerður á milli Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar.
- ✓ Landvörður Umhverfisstofnunar á Suðvesturlandi hefji eftirlit með Akurey.

#### 3.6.2. Skilti og fræðsla

Stefnt er að því að vinna fræðslu- og upplýsingaskilti um náttúrufar og sögu friðlandsins. Það yrði staðsett uppi á landi þar sem sést vel út til Akureyjar. Upplýsingar verði einnig settar inn á heimasíðu friðlandsins á vef Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingar um Akurey verði settar inn á svæði friðlandsins á heimasíðu Umhverfisstofnunar og hjá Reykjavíkurborg.
- ✓ Upplýsingar um friðlandið á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir því sem þörf er á.
- ✓ Sótt verði um fjármagn til uppsetningar á fræðslu- og upplýsingaskilti fyrir Akurey.

### 3.6.3. Úrgangur

Enginn úrgangur skal skilinn eftir í eygni og rusl sem þar finnst skal flutt í land til meðhöndlunar.

Aðgerðir:

- ✓ Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun skipuleggi hreinsun strandarinnar.

### 3.7. Öryggismál

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar í tengslum við öryggismál í Akurey.

Aðgerðir:

- ✓ Öryggisáætlun friðlýstra svæða verði staðfærð fyrir friðlandið.

### 3.8. Mönnuð og ómönnuð loftför

Markmið með friðlýsingu Akureyjar er að vernda fuglalíf og er því umferð loftfara takmörkuð. Ekki er leyfilegt að lenda þyrlum innan friðlandsins og notkun ómannaðra loftfara, svo sem flygilda, er ekki leyfð í og við friðlandið nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur.

### 3.9. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr. laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og er ekki lokið. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Akurey en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Í samræmi við 8. gr. auglýsingar um friðlandið Akurey skal vinna vöktunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg og skulu rannsóknaraðilar í umboði Náttúrufræðistofnunar tilkynna Reykjavíkurborg áður en farið er í eyjuna. Sama gildir um eftirlitsferðir Minjastofnunar Íslands sem lögum samkvæmt hefur umsjón og eftirlit með menningarminjum.

Þá hefur Náttúrustofa Suðurlands fengið leyfi til rannsókna á lunda í Akurey næstu tíu ár, sjá kafla 2.9., og skal tilkynna um ferðir til Reykjavíkurborgar.

Aðrar rannsóknir en framangreindar eru háðar leyfi Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir:

- ✓ Niðurstöður rannsókna og vöktunar verði aðgengilegar á svæði friðlandsins á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

# Heimildir

Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir, Ian Simpson, Margrét Hallsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson og Kolbeinn Árnason. (2004). Fornir akrar á Íslandi. Sótt af:

<https://timarit.is/page/6365198#page/n3/mode/2up>

[Lög um menningarminjar nr. 80/2012](#)

[Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.](#)

[Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994](#)

Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af:

<https://www.ni.is/greinar/sjavarkletta-og-eyjavist>

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

Þorsteinn Jósefsson, Steindór Steindórsson og Páll Líndal. (1982). *Landið þitt Ísland*. Reykjavík: Örn og Örlygur.



# Viðauki I

Nr. 470

3. maí 2019

## AUGLÝSING um friðlandið Akurey í Kollafirði.

### 1. gr.

#### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar að friðlýsa Akurey á Kollafirði sem friðland í samræmi við 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að fengnu samþykki Reykjavíkurborgar.

Akurey er lág og vel gróin eyja í Kollafirði, um 6,6 hektarar að stærð, norðaustan við Seltjarnarnes. Í Akurey verpa ýmsir sjófuglar eins og hundi, silamáfur, æðarfugl og teista, og er hundi langalgengastur, um 15.000 pör. Akurey flokkast þar af leiðandi sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð þar sem viðmiðið er  $\geq 10.000$  pör. Jafnframt er Akurey mikilvæg vetrarstöð fyrir skarfa.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rið de Janeró 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995) og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978).

Hið friðlýsta svæði er 207 ha að stærð.

### 2. gr.

#### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmiðið með friðlýsingu Akureyjar er að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2. gr. laga nr. 60/2013, með því að vernda alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði í Reykjavík. Í Akurey er mikilvægt varpsvæði hunda sem skráður er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 2018 sem tegund í bráðri hættu. Markmið með friðlýsingunni er að vernda búsvæði hunda. Auk þess er markmiðið að vernda búsvæði teistu, æðarfugls og skarfa, en teista er skráð á lista yfir tegundir í hættu og æðarfugl á lista yfir tegundir í nokkurn hættu.

Einnig er markmiðið að vernda lífríki í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla, sem og hafsbotnum.

### 3. gr.

#### *Mörk friðlandsins.*

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingunni og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

Friðlýsingin nær til eyjarinnar og hafssvæðisins umhverfis hana, hafsbots, lífríkis og vatnsbols.

### 4. gr.

#### *Umsjón með friðlandinu.*

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur friðlandsins, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd. Stofnunin getur falið öðrum umsjón með friðlandinu skv. 1. mgr. 85. gr. sömu laga og skal þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningi um umsjón og rekstur friðlandsins skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku.

Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri samning um umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis við Reykjavíkurborg sem ráðherra staðfestir.

### 5. gr.

#### *Stjórnunar- og verndaráætlun.*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Nr. 470

3. maí 2019

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um aðgerðir til að bregðast við ágengum tegundum, rannsóknir og vöktun, fræðslu, landnotkun og mannvirkjagerð og nýttjar.

## 6. gr.

*Umferð um friðlandið.*

Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins nema með leyfi samkvæmt 7. gr.

Ákvæðið á ekki við um umsjónaraðila. Leigutaka er heimilt að fara í land í samræmi við samning sem gerður skal við Reykjavíkurborg.

Hámarkshraði vélknúinna farartækja á sjó innan friðlandsins er 4 sjómilur.

Umferð vatnatækja s.s. sjókatta og seglbretta innan friðlandsins er óheimil. Siglingar smábáta og sjökajaka, svo sem vegna útsýnisferða, eru heimilar allt árið um kring að teknu tilliti til 2. mgr. Að öðru leyti hefur friðlýsingin ekki áhrif á hefðbundnar siglingaleiðir.

Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið er notkun ómannaðra loftfara vegna almannahagsmuna, björgunar- eða lögregluaðgerða.

## 7. gr.

*Dvöl í friðlandinu.*

Óheimilt er að fara í land í Akurey nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar. Ákvæðið á ekki við um umsjónaraðila.

Umhverfisstofnun getur veitt leyfi til athafna í friðlandinu, s.s. til ljósmynda- og kvikmyndatöku.

Um nýttjar visast í 12. gr.

## 8. gr.

*Rannsóknir og vöktun.*

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun í friðlandinu, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun. Rannsóknaraðilar í umboði Náttúrufræðistofnunar skulu tilkynna Reykjavíkurborg áður en farið er í eyjuna.

Aðrar náttúrufræðisrannsóknir en framangreindar eru háðar leyfi Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar. Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

## 9. gr.

*Fræðsla.*

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið í því skyni að efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

## 10. gr.

*Verndun gróðurs og dýralífs.*

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan friðlandsins hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar með það að markmiði að standa vörð um líf-fræðilega fjölbreytni svæðisins. Heimilt er að grípa til aðgerða til að bregðast við ágengum tegundum. Nánar skal fjalla um aðgerðir í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi lifverur innan friðlandsins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, nr. 583/2000, og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra. Nánar skal fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að stunda fiskeldi eða annað eldi sjávardýra innan verndarsvæðisins.

Nr. 470

3. maí 2019

## 11. gr.

*Vernd menningarminja.*

Um verndun menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

## 12. gr.

*Landnotkun, mannvirkjagerð og nýttjar.*

Mannvirkjagerð og efnistaka er óheimil í friðlandinu.

Jarðrask í friðlandinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og Reykjavíkurborgar og skal vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.

Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt, sbr. 54. gr. náttúruverndarlaga.

Nýting æðarfugls og silamáfa er heimil. Reykjavíkurborg er heimilt að gera samning um nýttjar í friðlandinu eins og nánar er kveðið á um í stjórnunar- og verndaráætlun.

## 13. gr.

*Veiðar og notkun skotvopna.*

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins. Undanskilið banninu er notkun skotvopna til minkaveiða. Bannað er að hafa eyna að skotmarki, hvort heldur er af landi, sjó eða úr lofti.

Veiðar á fuglum eru óheimilar innan friðlandsins.

## 14. gr.

*Þvingunarúrræði.*

Umhverfisstofnun hefur heimildir til að beita þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

## 15. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

## 16. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 3. maí 2019.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*


# Viðauki II

Nr. 470

3. maí 2019

Fylgiskjal.

Kort af svæðinu.



Nr. 470

3. maí 2019

**VIÐAUKI I**  
**Hnitaskrá.**

	x	y
1	-21,956403	64,177195
2	-21,950234	64,175004
3	-21,948674	64,171115
4	-21,948416	64,167428
5	-21,953598	64,164645
6	-21,963638	64,163918
7	-21,970423	64,165469
8	-21,974404	64,168621
9	-21,980584	64,173309
10	-21,977388	64,176977
11	-21,967614	64,179498

---

 B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2019

# Viðauki III

## Samráðsaðilar


Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til.

Eftirtaldar stofnanir og félagasamtök fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

- ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ~ Minjastofnun Íslands
- ~ Skipulagsstofnun
- ~ Samgöngustofa
- ~ Vegagerðin
- ~ Landgræðslan
- ~ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ~ Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands
- ~ Landvernd
- ~ Fuglavernd
- ~ Náttúrustofa Suðurlands
- ~ Náttúrustofa Suðvesturlands
- ~ Samtök náttúrustofa
- ~ Slysavarnarfélagið Landsbjörg
- ~ Flugmálafélag Íslands
- ~ Hafrannsóknastofnun
- ~ Ferðamálastofa
- ~ Höfuðborgarstofa
- ~ Skotvís
- ~ Faxaflóahafnir
- ~ Orkustofnun
- ~ Veitur
- ~ Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey
- ~ Reykjavík Sailors
- ~ Arctic Whales/Arctic Sea Tours
- ~ Reykjavík Sightseeing
- ~ Special Tours
- ~ Happy Tours
- ~ Arctic Adventures

- ~ Whale Safari
- ~ Mr. Puffin
- ~ Elding
- ~ Reykjavík Sea Adventures
- ~ Kayakklúbburinn
- ~ Landsamband smábátæigenda


F.h. Umhverfisstofnunar, 19. desember 2019



Sigrún Ágústsdóttir, settur forstjóri



Guðbjörg Gunnarsdóttir, sérfræðingur



Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra